

Afkoma A-hluta ríkissjóðs janúar til apríl útgefin í maí 1989

E F N I S Y F I R L I T

Inngangur	2
Greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs janúar - apríl 1989 ...	3
Afkoma A-hluta ríkissjóðs í samanburði við síðasta ár	4
Afkoma A-hluta ríkissjóðs m.v. áætlanir árið 1989	6

Fylgiskjöl:

1. Heildargjöld ráðuneyta, frávik í % janúar - apríl 1989.
2. Frávik á innheimtum tekjum janúar - apríl 1989.

INNGANGUR

Með bréfi forseta sameinaðs Alþingis dags. 6. maí 1989 var óskað eftir að Ríkisendurskoðun gerði skýrslu um afkomu ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði þessa árs samkvæmt þingskjali 1067 frá 5. maí 1989.

Skýrsla þessi gerir grein fyrir greiðsluafkomu A-hluta ríkissjóðs til loka aprílmánaðar 1989 samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi. Þá er lýst mati á afkomu ríkissjóðs á tímabilinu janúar til apríl 1989 í samanburði við sömu mánuði ársins á undan og að lokum er gerður samanburður við áætlun fjármálaráðuneytisins um afkomu A-hluta ríkissjóðs fyrstu fjóra mánuði ársins í ár.

GREIÐSLUAFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS JANÚAR - APRÍL 1989

Greiðsluhalli A-hluta ríkissjóðs nam í lok aprílmánaðar 1989 4.670 milljónum króna, sem er 507 milljónum króna minni halli en áætlanir ársins áformuðu. Áætlun fjármálaráðuneytisins, sem byggð er á fjárlögum 1989, gerði ráð fyrir 5.177 milljónir króna greiðsluhalla fyrstu fjóra mánuði ársins.

Það sem veldur betri greiðsluafkomu A-hluta ríkissjóðs í lok aprílmánaðar er, að innheimtar tekjur urðu 824 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þar munar mest um að innheimta beinna skatta í staðgreiðslu, svo og skattar af launagreiðslum, urðu hærri en áætlanir áformuðu. Á móti betri innheimtu tekna kemur að nettó útborganir umfram innborganir vegna lána- og viðskiptareikninga voru 262 milljónum króna hærri en áætlað var. Helstu frávik eru, að innlausn spariskírteina umfram sölu hafa orðið hærri en gert var ráð fyrir. Þá hafa veitt lán ríkissjóðs orðið hærri en fyrirhugað var. Greidd gjöld voru nokkuð rétt áætluð, eða 55 milljónum króna hærri en áætlað var, en í apríllök námu þau alls 24.455 milljónum króna.

Fjármagnsfyrirgreiðsla Seðlabanka Íslands vegna viðskipta A-hluta ríkissjóðs á tímabilinu nam að meðaltali 4.030 milljónum króna. Áætlun gerði hins vegar ráð fyrir 3.705 milljónum króna og hefir því fjármagnsfyrirgreiðsla bankans orðið 325 milljónum króna hærri að meðaltali.

AFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS Í SAMANBURÐI VIÐ SÍÐASTA ÁR

Restrarafkoma A-hluta ríkissjóðs til loka aprílmánaðar 1989 í samanburði við sömu mánuði síðasta árs, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, sýnir að í ár er afkoman lakari um sem nemur 2% af innheimtum tekjum tímabilsins. Innheimtar tekjur, þegar tekið hefur verið mið af breytingum á innheimtu söluskatts og staðgreiðslu skatta, sýna raunlækkun tekna um 3,5%, sem meta má á um 800 milljónir króna. Á móti kemur að á tímabilinu hefur einnig orðið tæplega 2% raunlækkun gjalda sem mælt í fjárhæðum svarar til um 400 milljóna króna. Þannig hefur rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs orðið lakari um 400 milljónir króna eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Yfirlit um rekstrarafkomu A-hluta ríkissjóðs fyrir árin 1988/1989.

(Fjárh. í m.kr.)	Rauntölur 1989	Leiðrétt 1988	Leiðrétt 1989	1988 á verðl.'89
Tekjur 20.141	18.421	22.641 ¹⁾	23.450 ²⁾	
Gjöld 24.457	20.990	24.457	24.850	
Gjöld umfram tekjur	4.316	2.569	1.816	1.400

1)Bætt við 2,5 milljörðum króna vegna breyttrar innheimtu söluskatts.

2)Bætt við 1,1 milljarði króna vegna staðgreiðslu skatta, sem svarar til 3ja mánaða innheimtu.

Fjármagnshreyfingar vegna lána- og viðskiptareikninga í samanburði við síðasta ár sýna, að útgreiðslur hafa orðið 1,1 milljarði króna lægri í ár, en lántökur aftur á móti nánast þær sömu í krónum talið.

Fjárþörf A-hluta ríkissjóðs til loka aprílmánaðar nam 6,7 milljörðum króna, sem er 600 milljónum króna hærri fjárhæð en var á sama tímabili síðasta árs eða hækkun um 10%.

Fjármagnsfyrirgreiðslur Seðlabanka Íslands við ríkissjóð mánuðina janúar til apríl 1989 námu að meðaltali 4.030 milljónum króna í samanburði við 3.935 milljónir króna á árinu 1988 eða hækkun um 2,5%, án greiðsluhalla frá fyrri árum.

Heildaryfirlit um fjármál A-hluta ríkissjóðs tímabilið janúar - apríl 1988/1989.

(Fjárhæðir í m.kr.)	Rauntölur 1989	1988	Frávik	Fjárlög'89
Tekjur 20.141	18.421	1.720	77.100	
Gjöld 24.457	20.990	3.467	76.464	
<u>Gjöld umfram tekjur</u>	<u>4.316</u>	<u>2.569</u>	<u>1.747</u>	<u><636></u>
<u>Lánahreyfingar útstreymi:</u>				
Afborganir lána	321	890	<569>	3.610
- innh. afborganir	<534>	<569>	35	<2.660>
Sp.skírt. innlausn	1.294	1.400	<106>	3.120
Viðskiptamenn	397	31	366	500
Veitt lán og hlutafé	885	1.735	<850>	1.475
<u>Útgreiðslur alls</u>	<u>2.363</u>	<u>3.487</u>	<u><1.124></u>	<u>6.045</u>
<u>Fjárbörf</u>	<u>6.679</u>	<u>6.056</u>	<u>623</u>	<u>5.409</u>
<u>Lántökur:</u>				
Spariskírteini	888	1.576	<688>	5.300
Lántaka 440	-	440	135	
Viðskiptamenn	-	486	<486>	-
Ríkisvixlar681	-	681	-	
<u>2.009</u>	<u>2.062</u>	<u><53></u>	<u>5.435</u>	
<u>Greiðsluafkoma¹⁾</u>	<u><4.670></u>	<u><3.994></u>	<u>676</u>	<u>26</u>

1) Án lántöku vegna rekstrahalla frá fyrri árum.

AFKOMA A-HLUTA RÍKISSJÓÐS M.V. ÁÆTLANIR ÁRIÐ 1989

Áætlun fjármálaráðuneytis innan ársins byggð á fjárlögum fyrir árið 1989 gerði ráð fyrir að greiðsluafkoma A-hluta ríkissjóðs í lok aprílmánaðar yrði neikvæð um 5.177 milljónir króna. Greiðsluafkoman varð aftur á móti 4.670 milljónir króna sem er 507 milljónum króna betri afkoma en gert var ráð fyrir.

Rekstrarhalli varð til loka aprílmánaðar 1989 að fjárhæð 4.316 milljónir króna sem er 769 milljónum króna minni halli en áætlunin áformaði. Áætlunin gerði ráð fyrir að rekstrarhalli næmi 5.085 milljónum króna fyrstu fjóra mánuði ársins. Innheimtar tekjur urðu 824 milljónum króna hærri, en gjöld aftur á móti 55 milljónir króna umfram áætlun.

Fjármagnshreyfing vegna lána- og viðskiptareikninga sýnir útstreymi fjár umfram innborganir að fjárhæð 354 milljónir króna. Áætlunin gerði ráð fyrir að útborgað fé umfram innkomið næmi 92 milljónum króna og hafa því útborganir orðið 262 milljónum króna hærri.

Heildaryfirlit um fjármál A-hluta ríkissjóðs tímabilið janúar - apríl 1989 í samanburði við áætlanir ársins.

				Fjárh. í	
m.kr.Reikn.	Áætlun	Frávik	Fjárlög'89		
Tekjur	20.141	19.317	824	77.100	
Gjöld	24.457	24.402	<55>	76.464	
<u>Gjöld umfram tekjur</u>	4.316	5.085	769	636	
<u>Lánahreyfingar útgreiðslur:</u>					
Afborganir	321	560	<239>	3.610	
- innh. afborganir		<534>	<645>	111	<2.660>
Sp.skírteini innlausn	1.294	840	454	3.120	
Viðskiptamenn	397	250	147	500	
Veitt lán og hlutafé	885	542	343	1.475	
2.363	1.547	816	6.045		
<u>Fjárbörf</u>	6.679	6.632	47	5.409	
<u>Lántökur:</u>					
Spariskírteini	888	600	288	5.300	
Lántökur	440	135	305	135	
Ríkisvixlar	681	720	<39>	-	
2.009	1.455	554	5.435		
<u>Greiðsluafkoma</u>	<4.670>	<5.177>	<507>	26	

Tekjuáætlun:

Áætlun fjármálaráðuneytisins um innheimtar tekjur til loka aprílmánaðar gerði ráð fyrir að þær yrðu 19,3 milljarðar króna, en tekjur urðu aftur á móti 20,1 milljarður króna, sem er um 800 milljónum króna hærri fjárhæð.

Yfirlit um innheimtar tekjur janúar - apríl 1989 í samanburði við áætlanir.

(Fjárh. í m.kr.)	Reikn.	Áætlun	Frávik		Fjárl.'89
			Fjárhæð	%	
- Beinir skattar	3.720	3.331	389	11,7	13.425
- Aðflutningsgjöld	2.004	2.047	<43>	<2,0>	7.482
- Söluskattur	7.878	8.036	<158>	<2,0>	32.505
- Hagnaður Á.T.V.R.	1.345	1.573	<228>	<14,0>	6.050
- Skattar af launagr.	1.691	1.344	347	25,8	5.353
- Aðrar tekjur	3.503	2.986	517	17,3	12.285
Alls	20.141	19.317	824	4,2	77.100

Innheimta beinna skatta, ásamt sköttum af launagreiðslum hefur orðið nokkuð hærri en áætlun launabreytinga í fjárlögum 1989 gerðu ráð fyrir. Hins vegar hefur innheimta eignaskatts orðið lægri en áætlanir áformuðu. Minni innheimta aðflutningsgjalda má einkum rekja til aðflutningsgjalda af bifreiðum. Samdrátt í innheimtu söluskatts má rekja til veltusamdráttar umfram áætlanir fjárlaga. Hagnaður af Á.T.V.R. er umtalsvert lægri en áætlanir gera ráð fyrir, sem skýrist m.a. af breytttri sölu tegunda hjá Á.T.V.R. sem gefa minni hagnað. Aukning á öðrum tekjum stafar fyrst og fremst af meiri vaxta- og arðgreiðslum svo og af sköttum á gjaldeyri.

Gjaldaáætlun:

Áætlun fjármálaráðuneytisins um greidd gjöld A-hluta ríkissjóðs til loka aprílmánaðar gerði ráð fyrir að þau næmu 24.401 milljónum króna en reyndin varð sú að þau urðu 55 milljónum króna hærri.

Greidd gjöld tímabilið janúar - apríl 1989 sundurliðuð eftir ráðuneytum í samanburði við áætlun.

(Fjárhæðir í m.kr.)	Reikn.	Fjárheim.	Frávik
00Æðsta stjórn ríkisins	223,1	187,3	35,8
01Forsætisráðuneyti	187,5	167,7	19,8
02Menntamálaráðuneyti	4.255,2	4.123,5	131,7
03Utanríkisráðuneyti	304,6	275,7	28,9
04Landbúnaðarráðuneyti	1.274,5	1.296,0	(21,5)
05Sjávarútvegsráðuneyti	511,4	475,5	35,9
06Dóms- og kirkjumálaráðun.	1.040,1	973,5	66,6
07Félagsmálaráðuneyti	920,0	873,3	46,7
08Heilbr. og tryggn.m.ráðun.	9.188,1	9.175,3	12,8
09Fjármálaráðuneyti	1.131,9	1.047,5	84,4
10Samgönguráðuneyti	1.517,4	1.551,0	(33,6)
11Iðnaðarráðuneyti	314,9	335,2	(20,3)
12Viðskiptaráðuneyti	1.359,0	1.418,4	(59,4)
13Hagstofa Íslands	20,6	23,0	(2,4)
15Fjárl. og hagsýslust.	2.208,0	2.342,9	(134,9)
Verðlags- og launamál		136,0	(136,0)
	<u>24.456,3</u>	<u>24.401,8</u>	<u>54,5</u>

Heildarfrávik frá áætlun er 0,2%. Greiðslur þeirra ráðuneyta sem farið hafa framúr áætlun nema samtals 463 milljónum króna. Á móti því er í áætlun gert ráð fyrir 136 milljónum króna vegna launa- og verðlagsbreytinga hjá fjármálaráðuneyti. Hins vegar eru ráðuneyti sem ekki hafa nýtt að fullu greiðsluheimildir sínar og nemur mismunur greiðslna þeirra og heimilda samtals 272 milljónum króna.

Ríkisendurskoðun telur að þau frávik sem fram koma hjá flestum stofnunum séu innan þeirra fráviksmarka sem gera má ráð fyrir það sem af er árinu. Hins vegar er ljóst að það aukna aðhald sem einstaka ráðuneyti og fjármálaráðuneyti hafa haft á útgjöldum A-hluta stofnana það sem af er árinu má ekki minnka ef útgjöld eiga að rúmast innan heimilda fjárlaga það sem eftir er ársins.

Ríkisendurskoðun vill þó benda á, að nú þegar hafa verið teknar ákvarðanir um aukin útgjöld hjá ríkissjóði í tengslum við launa- samninga og efnahagsráðstafanir sem ekki hafa ennþá haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Þá hafa verðlagsforsendur fjárlaga ekki staðist.

- Almennt verðlag er nú áætlað tæp 19% milli ára 1988/1989 en fjárlög gerðu ráð fyrir 12% hækkun.
- Launahækkunir milli ára samkvæmt B.S.R.B. samningi er mælt á um 9% en fjárlög gerðu ráð fyrir 7%.
- Meðalverð á erlendum gjaldeyri var áætlað um 7% hærri en á árinu 1988, en nú er komin fram hækkun sem nemur 17,6%.

Lána- og viðskiptareikningar:

Á lána- og viðskiptareikningum er einkum innlausn og sala spariskírteina sem huga þarf að. Ríkissjóður áformar að selja spariskírteini fyrir 5,3 milljarða króna á árinu 1989. Í lok aprílmánaðar höfðu selst spariskírteini fyrir tæpar 900 milljónir króna sem er 17% af áætlaðri heildarsölu ársins. Sala til loka aprílmánaðar var tæpum 300 milljónum króna umfram áætlun, en fjármálaráðuneytið áformar að sala spariskírteina verði að mestu leyti á síðara hluta ársins. Innlausn spariskírteina til loka aprílmánaðar nam tæpum 1,3 milljörðum króna sem er um 450 milljónum króna meiri innlausn en gert var ráð fyrir. Áætlanir gera ráð fyrir að heildarinnlaus á árinu verði 3,1 milljarður króna og er í apríllök búið að innleysa um 40% af áætlaðri heildarinnlausn ársins. Aukin innlausn spariskírteina það sem af er árinu hefur að hluta komið fram í sölu spariskírteina umfram áætlunir.